

Nefndarsvið Alþingis

Efni: Athugasemdir Landssamtaka landeigada á Íslandi við frumvarp til laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, 427. mál.

Í 5. gr. er kveðið á um skipan fulltrúa í verkefnastjórn sem hefur umsjón með gerð tillagna að stefnumarkandi landsáætlun til tólf ára og þriggja ára verkefnaáætlun, jafnframt því sem að einhverju leiti er talið upp hvaða aðilar þetta eru. Athygli vekur að gert er ráð fyrir að ferðaþjónustan eigi þrjá fulltrúa í nefndri verkefnastjórn á meðan Landssamtök landeigenda eiga einungis einn, og Samband íslenskra sveitarfélaga eigi tvo fulltrúa, það getur varla verið talin eðlileg ráðstöfun. Þá er erfitt að átta sig á afhverju Minjastofnun eigi að tilnefna einn fulltrúa þar sem sú stofnun hefur aðkomu að málum á öðrum stigum þ.e. í gegnum skipulagsferli en að sama skapi er ekki gert ráð fyrir aðkomu Vegagerðarinnar með neinum hætti. Þá er líka vandséð hvaða rök eru fyrir einum fulltrúa frá „háskólasamfélaginu“ án þess að það sé skilgreint nánar hvað það þýðir.

Í skýringum með 5. grein er nánar listað upp hvaða opinberu stofnanir hafi aðkomu að nefndri verkefnastjórn þ.e. Umhverfisstofnun, Vatnajökulsþjóðgarður, Þingvallabjóðgarður, Landgræðslan og Skógrækt ríkisins. Nú er það svo að allt land á Íslandi er í eigu þriggja aðila þ.e. ríkis, sveitarfélaga eða einkaaðila, það hlýtur því að vera eðlileg krafa að þessir þrír aðilar eigi jafnmarga fulltrúa í boðaðri verkefnastjórn.

Bent er á að ekki er samræmi á milli 5. gr lagana og skýringana við 5. greinina um fjölda fulltrúa Sambans íslenskra sveitarfélaga, annars vegar er talað um tvo og hins vegar einn.

Almennt um frumvarpið.

Í boðuðu frumvarpi er mikið rætt um langtímahugsun og langtímaáætlanir, það skýtur því skökku við að ætlað fjarmagn til uppbyggingar er eingöngu tryggt frá ári til árs þar sem það er háð fjárlögum hvers tíma enda telur Fjármála- og efnahagsráðuneytið rétt að vekja athygli á þessum veikleika í umsögn um frumvarpið.

Þá vekur athygli að ekki er gert ráð fyrir neinum fjármunum til framkvæmda fyrr en árið 2018 eða að þremur árum liðnum, það hlýtur öllum að vera ljóst að ekki er hægt að bíða svo lengi.

Frumvarpið boðar jafnframt að einkaaðilar geti óskað eftir kostnaðarþátttöku ríkisins til uppbyggingar innviða (eins og þeir eru skilgreindir í 4. gr. 2. gr.)við náttúruperlur í þeirra eigu, gegn því að svæðin verði opin gjaldfrjálsri umferð almennings. Eins og þetta er sett fram í frumvarpinu þá er ávinningur einkaaðila til slíkrar samningagerðar enginn, ítrekað er að einungis yrði um kostnaðarþátttöku ríkisins að ræða og eftir sem áður þurfa einkaaðilar að útvega fjármagna til þess sem uppá vantar. Ekki er hægt að ætlast til að einkaaðilar greiða úr eigin vasa eða stofni til fjárskuldbindinga til slíkrar uppbyggingar ef ekki má selja inn á svæðin svo fjárfestingin skili sér til baka.

Við lestur frumvarpsins virðist sem verkefnastjórninni sé ætluð töluverð vinna sbr. það sem fram kemur í 5 og 6. gr. Það er því alveg fráleitt eins og fram kemur í umsögn um frumvarpið (á bls. 15) að ekki sé gert ráð fyrir að greidd verði þóknun til þeirra sem sitja í nefndinni nema hugsanlega til formanns nefndarinnar. Er virkilega ætlast til þess að þessi vinna sé unnin í sjálboðavinnu og menn þurfi e.t.v. jafnfram að greiða hugsanlegan ferðakostnað sjálfir, eða er kannski gert ráð fyrir því að allir fulltrúarnir komi af höfuðborgarsvæðinu? Það er alveg ljóst að frjálsu félagasamtökin hverju nafni sem þau nefnast hafa ekki í digra sjóði að sækja til að standa straum af vinnu sem þessari.

Meini ríkisvaldið og þar með ráðuneytið eitthvað með öllu því viðtæka samráði sem frumvarpið boðar, verður að haga málum með öðrum hætti en þeim sem rakin er hér að ofan.

19. febrúar 2015.

F.h. stjórnar Landssamtaka landeigenda á Íslandi.

Örn Bergsson, stjórnarform.